

Aðalfundur Hverfisnefndar Holta og hlíðahverfis  
Fundur 109 - Aðalfundur, haldinn í matsal Glerárskóla.

Fimmtudagur 26.apríl 2018

Eftirfarandi eru fulltrúar hverfisnefndar sem mættu á fundinn: Auður Inga Ólafsdóttir, Gauti Helgason, Eiríkur K.Aðalsteinsson og Berglind Rafnsdóttir .

Fjarverandi: Helgi Stefánsson, Páll Árdal.

**Dagskrá fundarins:**

- Hefðbundin aðalfundarstörf
- Kosning nýrrar stjórnar
- Hlutverk hverfisnefndar. Yfirferð yfir breytingar og lagfæringar í hverfinu okkar. Hvað hefur nefndin verið að gera fyrir hverfið? Hvert er næsta verkefni?
- Opin umræða um hverfið okkar og spurningum svarað.

Liður 1:

Fundur hefst kl 20.00 með því að Eiríkur var settur fundarstjóri og Auður sem ritari fundarins með einróma samþykki allra fundargesta.

Liður 2:

Kosið í stjórn hverfisnefndar. Helgi mun hverfa frá störfum og einn fundargestur gaf sig fram í hverfisnefnd, hann heitir Viðir Benediktsson. Hann var samþykktur einróma sem nýr meðlimur á fundinum.

Liður3:

Kaffi og kökuhlæðboð sem 9.bekkur Glerárskóla sér um.

Liður 4:

Eftir kaffihlhé tekur Eiríkur til máls og kynnir hlutverk hverfisnefndar (sjá glæru 2)

Eftir það tekur Berglind til máls og kynnir aðalskipulag og deiliskipulag hverfisins (sjá glæru3) í kynningu Berglindar kom fram að hverfisnefnd fer yfir skipulag bæjarins og rýnir í öll smáatriði sem þar koma fram. Hverfisnefnd gerir athugasemdir ef þarf og veitir Akureyrarbæ aðhald í skipulagsmálum hverfisins. Kom m.a. fram skipulagsráð bæjarins hafi tekið gildar nýlegar athugasemdir nefndarinnar um að taka út af aðalskipulagi skilgreinda íbúðabyggð á hömrúnunum austan megin við Glerárskóla, meðan ekki væri búið að skipuleggja og njörva niður t.d. hvar eigi að staðsetja nýja leikskólabyggingu á skólasvæðinu. Þessu var fálega tekið af fundargestum sem vildu halda íbúðabyggð inni. Guðmundur Baldvin Guðmundsson, íbú í hverfinu og bæjarfulltrúi leiðréttir svo hverfisnefndina og sýnir að aðeins hluti svæðisins hafi verið tekið út af aðalskipulagi sem íbúðabyggð. Áður átti að reisa sjó hús þar, en nú er gert ráð fyrir að reisa 5 hús - byggingasvæði tveggja húsa var tekið út. Þetta róaði fundargesti aðeins og Berglind sem formaður nefndarinnar baðst afsökunar á misskilningnum (sjá glæru 3).

Næst fór Berglind yfir gjafafé sl. 5 ára, sem komið var á fyrir 5 árum í tilefni afmæli bæjarins og í hvað það hefur verið eytt frá ári til árs (sjá glærur 4-6). Einnig kynnti hún útigrill hverfisins, sem öllum íbúum hverfisins er velkomið að nota, og að skilti muni vera sett upp von bráðar með umgengnisreglur skrifðar á þremur tungumálum - íslensku, ensku og pólsku. (sjá myndir af grilli glæru 7). Brynja vildi nefna sérstaklega að bryna fólk fyrir að vera ekki afskiptalaust þegar kemur að því hverjur nota grillið og hvernig og hvaða fólk nýtir sér það og gengur um það. Einnig var minnst á frisbígolfvölliinn, sem settur var upp af gjafafé bæjarins, og sýndar myndir af skilti sem sýnir loftmynd af hinum ásamt upplýsingum (Sjá

glæru 8). Þá kom fyrirspurn um hver ætti að sjá um viðhald vallarins og skiltisins og svarið var að líklegast væri það bærinn.

Þá var komið að Eiríki að fjalla um Krossanesbrautina og kvartanir íbúa vegna umferðaþunga, á stórum þungabílum sem þar fara um á góðum hraða og hvernig málín standa eftir mótmæli íbúa á þessum málum (sjá glæru 9). Þar kom fram að bærinn ráðgerir að reisa íbúðabyggð norðan við Krossanesbraut. Þeir sem nú þegar búa í hverfinu eru ósáttir við það að Krossanesbrautin sé ekki útfærð betur áður en hugsað sé um að byggja á þessum stað. Eins og er þá er enginn vegur að ganga yfir Krossanesbraut eins og umferðin er þar í dag. Enginn er á móti byggð né braut en vilja bara að skipulag svæðisins verði betra og vandamál tengd Krossanesbraut leyst áður en byrjað verði að byggja þarna.

Þá var komið að Auði að kynna gangbrautarmál hverfisins. Eftir að ekið var á konu sl. haust og hundur hennar drapst á gangbraut á Hörgárbraut, og eftir fjölda árekstra við þessa sömu gangbraut hafði foreldrafélag Glerárskóla samband og vildi fund um þessi mál almennt í hverfinu. Af honum leiddi að Hverfisnefnd lagði inn fyrirspurn til Akureyrarbæjar um hvort ekki eigi að taka þessi mál fastari tökum í hverfinu - merkja betur göngubrautir Skarðshlíðarhringinn og við skólann. Við þá athugasemd fékk hverfisnefnd svar frá bænum þess efnis að í sumar og fram á haust verði allar gangbrautir málaðar og merktar betur nema sú sem er framan við Glerárskóla. Gangbrautin við Hörgárbraut - farið verður í framkvæmdir við að setja þar gönguljós ásamt því að lýsa hana upp með Led ljósakastara þannig að vel sjáist að þar gangi fólk yfir (sjá glæru 10 - 11).

Næsta mál sem rætt var um voru leikskólamál hverfisins. Berglind hafði haft samband við Karl Frímannson, nýjan forstöðumann skólasviðs Akureyrarbæjar vegna þeirra mála. Til að gera langt mál stutt er ekkert nýtt að fréttta nema að búið er að eyrnamerkja alls 620 milljónir árin 2018-2020 sem eiga að fara í vinnu við að koma upp leikskóla í hverfinu. Aðrar 140 milljónir eru eyrnamerkar Glerárskóla fyrir viðhald o.fl. því tengt (sjá glæru 12).

Annar fróðleikur um m.a. fjárhagsáætlun bæjarins var sýnd á glæru (sjá glæru 13) og að lokum var sýnd glæra sem sýndi heiti facebook síðu hverfisins, sem hverfisnefnd stýrir, og netfang nefndarinnar.

Fundi slitið kl. 21:30